

Alþingi – nefndarsvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 10. maí 2017

Efni: Tillaga til þingsályktunar lyfjastefnu til ársins 2022, 372. mál.

Samtök verslunar og þjónustu þakka fyrir að fá á ný tækifæri til að senda inn umsögn um drög að stefnu stjórnvalda í lyfjamálum til næstu ára. Nú er óskað eftir umsögn í annað sinn, þ.e. eftir að hinir ýmsu hagsmunaaðilar hafa sagt álit sitt á stefnunni. Greinilegt er að fjölmargir aðilar hafa látið í ljós skoðun sína og að tekið hafi verið tillit til fjölda þeirra ábendinga sem fram komu. Um leið og samtökin fagna því að stjórnvöld hafa tekið af skarið og hafið vinnu við umbætur í lyfjamálum, láta samtökin á ný í ljós þá skoðun sína að fulltrúar annarra hagsmunaaðila en stjórnvalda hafi þurft að eiga beina aðild að gerð stefnunnar allt frá upphafi.

Áður en SVP fjallar um einstök atriði sem vert er að lyfjastefna til ársins 2020 taki á, vilja samtökin inna stjórnvöld eftir hvernig tókst til með fyrri lyfjastefnu sem gildi til 2012 og að hve miklu leyti þau markmið náðust sem þar voru sett fram. Samtökin óska eftir því við ráðuneytið að þeim verði lútin í té þær upplýsingar um árangur þeirrar stefnu.

Hér á eftir koma athugasemdir og ábendingar um einstök atriði draganna og/eða um atriði sem vantar í drögin í núverandi mynd.

1. Rafræn samskipti/gagnagrunnar/fylgiseðlar eiga að vera forgangsatriði og eru í raun grunnurinn að góðri og gagnsærri heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt er að stefna að einum gagnagrunni, en með því móti má einfalda umsýslu og minnka kostnað. Fyrst og fremst er þetta þó til þess fallið að tryggja upplýsingaöryggi innan kerfisins. Brynt er að fjármagn verði tryggt til þessa verkefnis.
2. Samtökin telja lyfjafræðilega umsjá nauðsynlega við alla lyfjafræðilega meðferð og fagna að stefnt sé að slíku. Þetta mun leiða til aukinnar meðferðarhaldni og kostnaðaraðhalds. Til þess að þess að þetta markmið náist verður að tryggja nægjanlegt fjármagn til verkefnisins.
3. Athygli vekur að í núverandi drögum er ekki vikið að mikilvægi tölvustýrðrar lyfjaskömmtnar. Samtökin telja nauðsynlegt að um þetta verði fjallað í lyfjastefnu til 2020, enda er tölvustýrð lyfjaskömmtnun öruggasta leið við lyfjaskömmtnun sem völ er á. Lyfjaskömmtnun bætir meðferðarhaldni og styður við sjálfstæði einstaklinga í heimahúsum.
4. Drög að lyfjastefnu gerir ráð fyrir endurskoðun á fyrirkomulagi lyfjaútibúa. Samtökin ítreka nauðsyn þess að slík endurskoðun fari fram í nánú samráði við rekstar- og leyfishafa.
5. Samtökin leggja til að lyfjastefna til ársins 2020 geri ráð fyrir afnámi þess að lækna, tannlækna og dýralækna geti keypt lyf í heildsölu. Ekki er eðlilegt að þessir aðilar, sem

ávísa lyfjum, annist jafnframt sölu þeirra. Kostnaður við dreifingu lyfja til þessara aðila er jafnframt hlutfallslega mjög hár. Gera verður kröfu til þess að þeir kaupi þau lyf sem þeir þurfa á að halda í apótekum.

6. Lausasölulyf, líkt og önnur lyf, eru vandmeðfarin og geta verið hættuleg, séu þau ekki notuð á réttan hátt. Ekki er talið æskilegt að slík lyf verði seld í almennum verslunum, heldur verði sala þeirra áfram í höndum fagfólks, þannig að tryggja megi sem best örugga notkun þeirra.

7. Við endurskoðun lyfjalaga er nauðsynlegt að skilgreina hlutverk, skyldur og ábyrgð lyfjaheildsala/dreifingaraðila annars vegar og markaðsleyfishafa og umboðsmanna þeirra hins vegar. Mikilvægt er að drög verði lögð að slíkri stefnumótun í lyfjastefnu til næstu ára.

8. Ákvæði um PSO (Public Service Obligation). Lagt er til að í nýrri lyfjastefnu verði, á grundvelli ákvæðis um Public Service Obligation í tilskipun 2001/83 EB, bætt í íslenska löggjöf ákvæði um skyldur lyfjaheildsala, sem selja lyf til íslenskra apóteka, þ.m.t. sjúkrahúsapóteka. Mikilvægt er að ákvæði þetta nái til bæði innlendra og erlendra heildsala og kveði á um að heildsalar eigi alltaf ákveðnar birgðir lyfja sem hafa markaðsleyfi á Íslandi og veita öllum apótekum í öllum landshlutum sambærilega þjónustu.

9. Samtökin leggja áherslu á að nú þegar endurskoðun lyfjalaga stendur fyrir dyrum, að sú endurskoðun fari fram með víðtæku samstarfi allra hagsmunaaðila. Lögin eru orðin meira en tuttugu ára gömul og löngu tímabært að hefja endurskoðun þeirra.

10. Samtökin mæla eindegið með því að í lyfjastefnu til ársins 2020 verði mörkuð sú stefna að lyf skuli vera í lægra þrepi virðisaukaskatts.

11. Samtökin hvetja til einföldunar á stjórnkerfi lyfjamála. Liður í slíkri einföldun er sameining Lyfjagreiðslunefndar og Lyfjastofnunar.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri